

## Heildarlöggjöf fyrir vernd uppljóstrara

Inngangur –

Af hverju er ákjósanlegt að hafa heildstæða löggjöf um uppljóstrara?

Hversu langt eiga heildarlögin að ganga í útfærslu á farvegi til uppljóstrunar?

Á farvegurinn bara að taka til opinberra aðila – eða einkaaðila líka?

Breytingar á öðrum lögum:

- Ath. stöðu uppljóstrunarsíða
- undantekningar frá höfundarétti
- Ath. meiðyrði.

## EFNI HEILDARLÖGGJAFAR

### 1. Markmið

- a. Koma í veg fyrir misgerð
- b. Stuðla að auknum upplýsingarétti –upplýsingar sem eiga erindi til almennings
- c. Tryggja vernd þeirra sem miðla upplýsingum um misgerð, lögbrot, spillingu etc.

### 2. Gildissvið

- a. Efnislegt gildissvið: Til hvaða sviða má uppljóstrun taka – stofnanir ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja o.s.frv.
- b. Persónulegt gildissvið: Hvaða einstaklingar njóta verndar: t.d. opinberir starfsmenn, fyrrverandi starfsmenn, starfsmenn einkageirans o.s.frv.

### 3. Skilgreiningar

- a. *Uppljóstrari*: Sá sem miðlar, hyggst miðla, gerir tilraun til að miðla, aðstoðar við miðlun, er ranglega sakaður um miðlun – og er í góðri trú um að upplýsingar varði misgerð. Taka þarf afstöðu til þess hvort viðkomandi þurfi að eiga eða hafa átt í einhverskonar vinnuréttarlegu sambandi.
- b. *Móttakandi uppljóstrunar*: Sá sem tekur við upplýsingum frá uppljóstrara – starfsmaður eða embættismaður stofnunar, fyrirtækis, fjölmiðils o.s.frv.
- c. *„Polandi“ uppljóstrunar*: Sá sem upplýsingar sem miðlað er varða og er eftir atvikum borinn sökum o.s.frv.
- d. *Miðlun*: Hverskyns tjáning, afhending eða áframsending á upplýsingum eða gögnum eftir hvaða leiðum sem er, í persónu, bréfleiðis, á vefsíðu, í vefpósti, í síma o.s.frv.
- e. *Misgerð*: Ólögsmæt háttsemi, brot á lögum, refsiverð háttsemi, valdníðsla, misnotkun á fé, ógn gegn heilsu eða lífi fólks, hætta á umhverfistjóni eða umhverfisspjöllum.
- f. *Innri uppljóstrun*: Næsti yfirmaður innan stofnunar/fyrirtækis; æðra stjórnsýslustig, Umboðsmaður eða eftirlitsstofnun; Löggæsluyfirvöld
- g. *Ytri uppljóstrun*: Til þings eða þingnefnda; fjölmiðla; sérstaka uppljóstrunarsíðu
- h. *Uppljóstrunarsíða*: Er rétt að kveða á um réttarstöðu slíkra vettvanga í lögum?

### 4. Uppljóstrunarleiðir

- a. Lýsing á því hvaða leiðir uppljóstrari getur farið.
- b. Uppljóstrari getur miðlað upplýsingum til tiltekins aðila eða óskilgreinds aðila innan hvaða opinberu stofnunar sem er á því sviði sem upplýsingar taka til, innan þeirrar stofnunar sem upplýsingarnar stafa frá, til æðri stjórnsýslustofnunar, umboðsmanns Alþingis eftir atvikum, ráðuneytis eða löggæsluyfirvalda.
- c. Ath. einkageirann

- d. Sé upplýsingum miðlað með ytri uppljóstrun á opið vefsvæði eða til fjölmiðla, verða skilyrði skv. xx að vera uppfyllt.

**5. Skilyrði fyrir vernd vegna innri uppljóstrunar**

- a. uppljóstrun um misgerð til viðeigandi aðila / stofnunar
- b. í góðri trú um að upplýsingar varði misgerð

**6. Skilyrði fyrir vernd vegna ytri uppljóstrunar**

- a. Upplýsingar eigi erindi til almennings
- b. innri uppljóstrun árangurslaus eða of áhættusöm fyrir uppljóstrara

**7. Skyldur þess sem tekur á móti upplýsingum frá uppljóstrara**

- a. Skylda til að bregðast við og rannsaka upplýsingar eða koma þeim í réttar hendur
- b. Tryggja/virða nafnleysi uppljóstrara
- c. Tryggja og virða réttindi annara sem skaðast geta vegna uppljóstrana. T.d. persónuupplýsingar sem uppljóstrað er.
- d. Skylda til að leiðbeina uppljóstrara um réttindi – ef í beinu sambandi við viðkomandi.

**8. Lagavernd uppljóstrara**

- a. Vernd á nafnleysi (sbr. heimildarvernd blaðamanna)
- b. Vitnavernd?
- c. Vernd gegn uppsögn eða starfsöryggi,
- d. vernd gegn því að vera látinn gjalda í starfi
- e. Vernd gegn árásum á æru.
- f. Vernd gegn málsóknum
  - i. vernd þrátt fyrir brot á lögum um þagnarskyldu (ath. kallast á við þagnaskyldubreytingarnar)
  - ii. Vernd þrátt fyrir einkaréttarlega þagnarskyldusamninga
  - iii. Vernd gegn skaðabótakröfum
  - iv. Vernd gegn ærumeiðingamálum
- g. Lagavernd gegn hverskyns ofsóknum
- h. Réttur til skaðabóta vegna skaðlegra aðgerða v. uppljóstrunar

**9. Vernd þolenda uppljóstrunar**

- a. Tryggja réttláta málsmeðferð
- b. Mögulegan andmælarétt
- c. Nafnleynd þar sem það á við.